

Almennar upplýsingar:

Nafn Skrifstofa Framkvæmda Og Viðhalds

Erindi nr. P-2020-09-29-0051

Kennitala [REDACTED]

Heimilisfang Borgartúni 12-14

Póstnúmer 105

Símanúmer [REDACTED]

Netfang bragi.bergsson@reykjavik.is

Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða) -

Netfang tengiliðs -

Greiðanda kenitala 570480-0149

Greiðanda nafn -

Greiðanda netfang bragi.bergsson@reykjavik.is

Framkvæmdasvæði

Heimilisfang/lóðarheiti Klambratún, vestast á bílastæði

Umsækjandi er Í umboði eiganda

Umsækjandi Ekki til deiliskipulag

Erindið fjallar um on

Stutt lýsing á erindi


Sótt er um að gerð verði lóð í kringum djúpgámastöð sem verður staðsett inni á bílastæði Kjarvalstaða. Þar sem nú er staðsett hefðbundin grenndarstöð. Sjá meðfylgjandi uppdrátt.

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn 2 þar sem við á

Uppdrættir


Lýsandi nafn Grenndarstoddjúpgamar-Klambratun---A1.pdf skjals

GRUNNMYND 1:100



AFSTÖÐUMYND

SNIÐ 1 - 1:50



<small>HEDASMÁRÍ 6, 201 KÓPAVOGUR - www.nne.is - NETFANG nne@nne.is</small>					<small>SKRIFSTOFA FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS BORGARTÚNI 12 - 14, 105 REYKJAVÍK SÍMI: 411 1111 FAX: 411 8399</small>				
Mælt:	Breyt.	Dags:	Fyrirtæki	Af:	KLAMBRATÚN - GRENNDARSTÖÐ Djúpgámar Jarðvinna Grunnmynd og snið				
Hannað: JJ	Ⓐ				Dags:		8.6.2020	Mkv: 1:100, 1:50	
Teiknað: JJ	Ⓑ				Tölvuskrá:		GRST-R-	Nr.: 1.01	
Yfirfarið: ÞBE	Ⓒ				Nr.:		20022		
Samþ.	Ⓓ								

USK Skipulag

Frá: Margrét Unnarsdóttir [REDACTED]
Sent: þriðjudagur, 22. júní 2021 18:50
Til: USK Skipulag
Efni: Flókagata

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Sæll Ólafur

Sem íbúi að Flókagötu 23 [REDACTED] til 20 ára finnst mér svakalegt ónæði af þessum gámum á næturnar maður heyrir þegar er verið að henda blöðum þegar lokið skellur við hvert BLAÐ og stela flöskum, endalaust glamur í !!

Tala ekki um SÓÐASKAPINN !!!!!

ÞETTA Á EKKI HEIMA NÆR HÚSUNUM .

Svo koma þessir gámabílar á ókristilegum tímum bæði á virkum dögum og helgar, það væri nær að flytja þetta upp að Flókagötu 28 inn á lokaða lóð sem er í kaf í trjám og er engin sjónmengun af, lóð sem Reykjavík á.

Þessi hugmynd er rosalega tilitlaust við alla íbúa í húsumum við grenda gámana.

Og skýrir afhverju bílastæðis tangin var setur svona langur !! af því að það var búið að ákveða þetta í fyrria eða fyr án þess að segja íbúum frá svo kunnuð þið ekki við að skella þeim í fangið á okkur við viljum þá burt frekkar.

Alltof mikið ónæði af þeim eins og þeir eru í dag og frá þá nokkra metra nær er hrillingur.

Kveðja fúl húsmóðir að Flókagötu 23 Margrét Unnarsdóttir

P.S skal senda þér myndir af ruslinu og draslinu þarna !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!

Helena Stefánsdóttir

Frá: Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
Sent: föstudagur, 25. júní 2021 11:50
Til: Helena Stefánsdóttir; Púríður Guðmundsdóttir; USK Skipulag
Efni: Ábendingar og athugasemdir frá Veitum
Viðhengi: Gjúkabryggja 4.pdf

Góðan daginn,

Meðfylgjandi eru ábendingar og athugasemdir frá Veitum vegna breytinga á Gjúkabryggju 4.

Vil einnig benda á eftirfarandi:

Klambratún (Flókargata) – Ég sé að Veitur eru ekki hagsmunaaðili en vil samt benda á ef ég er ekki nú þegar búin að send þetta á ykkur. Þarna er 132Kv strengur ásamt minni rafmagnsstrengjum og hitaveitu. Það þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að verja strengina ef farið er nálægt.

Mýrargata 18 – Við breytingu á deiliskipulagi kemur lagnaleið Veitna kemur til með að lenda á lóð Mýrargötu 18. Veitur koma til með að gera kröfur um lagnakvöð á lóðinni. Viljum einnig benda á að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir lögnum norðan við lóð Mýrargötu 18 (sunnan við lóð Vesturbuftar).

Kær kveðja,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer>

USK Skipulag

Frá: Jón Hálfðanarson [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 1. júlí 2021 21:54
Til: USK Skipulag
Afrit: [REDACTED]
Efni: Klambratún (Flókagata 24)

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

b/t Ólafur Melsted

Varðar Klambratún (Flókagata 24)

Konu minni Kristínu Steinsdóttur barst bréf dagsett 11.6.2021 frá Ólafi Melsted fyrir hönd skipulagsfulltrúa. Í bréfinu kemur fram að fyrirhugað er að gera breytingu á grendarstöð Sorpu sem stendur andspænis Flókagötu 19 hinum megin við götuna. Við hjónin eigum um helming í húsinu á Flókagötu 19 og búum þar.

Nú er það svo að umgangur um grendarstöðina er ekki eins og best verður á kosið og liggur iðulega margskonar rusl í kringum hana. Þegar hvessir sem helst er þegar vindur stendur að suðaustan, fýkur þetta rusl yfir götuna og hafnar í garðinum hjá okkur. Sumt af því kemst ekki lengra en út á götu og getur þar verið varasamt fyrir bílaumferð. Það hefur verið tólmstundariðja mín undanfarin ár að tína upp þetta rusl.

Orsök þess að plast er á foki er að hluta til vegna þess að kringlótt gat á plastgámunum er of lítið, aðeins 21 cm að þvermáli. Fólk safnar plastúrgangi í plastpoka en kemur þeim síðan ekki ofan í gámana og þarf að taka hvert snipsi upp úr þeim og færa í gatið. Þá missir fólk plastið eða vindur hrífur það úr höndum þess. Eins er sumt plast það stórt að það kemst alls ekki ofan í gámana. Þar má t.d. nefna plastbrúsa og skurðbretti. Þennan úrgang skilur fólk einfaldlega eftir fyrir utan gámana.

Hvað pappírinn varðar þá er að nokkru leyti það sama uppi á teningnum. Gatið þar er með loku og stærra en á plastgámunum og nógu breitt þvert yfir til að taka blaðabunka. Helst má finna að því að gormurinn sem heldur lokunni aftur er full sterkur og ég hef séð að hún hefur skolið á fingur fólks. Gatið er ekki heldur nógu stórt til að taka kassa undan heimsendum pizzum eða stærri pappakössum þótt brotnir séu saman. Þessi úrgangur liggur þess vegna oft í kringum gámana og tekst á loft í roki og getur endað úti á umferðargötunni.

Í umræddu bréfi kemur fram að frekari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir séu að finna á síðu Reykjavíkurborgar undir skipulagi í kynningu. Þar finn ég hinsvegar aðeins eina yfirlitsteikningu en ekki frekari upplýsingar um framkvæmdirnar. Á teikningunni eru t.d. sýndir stútar upp úr jörðinni á sex djúpgámum en ekki hvað á að setja ofan á þá. Þjóðverjar segja: „Der Teufel steckt im Detail“, vandinn felst í smáatriðunum. Þess vegna bið ég um upplýsingar um eftirfarandi:

- 1) Hvað á að koma ofan á stútana? Hvernig verða opin á því sem þar verður sett? Hvaða efni á að flokka í gámana?
- 2) Á gámastöðinni eru núna tveir gámar sem ekki eru fyrir sorp: Gámur frá skátum fyrir flöskur og dósir og gámur Rauða krossins fyrir notuð föt. Á teikningunni viðist ekki vera gert ráð fyrir þeim. Á hellulögninni sem þar er sýnd er ekki heldur pláss fyrir þá. Hvar eiga þessir gámar að vera?
- 3) Af hverju er gámastöðin færð til og höfð nær götunni og okkur en hún er núna?
- 4) Kæmi til greina að hafa grindverk fyrir aftan gámastöðina sem tæki fok og lægði vind við stöðina sjálfa?
- 5) Á sniði 1 á teikningunni sést að gámarnir og næsta umhverfi á að vera lárétt. Öllu svæðinu hallar hinsvegar upp til austurs eins og Flókagata og niður til suðurs inn á bílastæðið. Hvernig verður þessi hæðarmunur tekinn? Verður nýlagður gangstéttarbútur og gangstéttarkantur brotinn upp?

Mér þætti vænt um að fá svar við þessu bréfi áður en andmælaréttur rennur út 15. júlí 2021. Að lokum er rétt að taka fram að við fögnum því að gámarnir verði færðir ofan í djúpið því þá verður umhverfið snyrtilegra. Okkur finnst hinsvegar mikilvægt að allur frágangur og útfærsla verði eins og best verður á kosið þegar frá upphafi. Það sparar fé og fyrirhöfn. Við munum öll njóta vandaðrar vinnu á hönnunarstigi.

Með kærri kveðju fyrir mína hönd og konu minnar!

Jón Hálfðanarson

Flókagötu 19

105 Reykjavík



Umhverfis- og skipulagsvið
Borgartúni 12-14
Reykjavík

Efni: Grenndarstöð við Kjarvalsstaði.

Við, íbúar og fatseignaeigendur að Flókagötu 21 í Reykjavík, mótmælum harðlega þeirri tillögu sem okkur var kynnt í bréfi, dags. 11. júní sl., þess efnis, að gerð verði lóð í kringum grenndarstöð/djúpgáma inn á bílastæði Kjarvalsstaða. Af ástæðum, sem raktar verða hér á eftir, er þess krafist að núverandi gámar verði fjarlægðir umsvifalaust og stöðin aflögð.

1. Frá því núverandi stöð var komið upp á bílastæðinu hefur drasl og sóðaskapur verið daglegt brauð. Pappír, plastpokar, matarleifar og óþrifnaður „gengur“ hreinlega yfir garða og umhverfi, sérstaklega þegar vind hreyfir. Ýmsu dóti, stóru sem smáu, er staflað upp við gámana sem ekki í þá komast enda aðkoma að þeim góð fyrir fólk úr öllum áttum sem kýs að losa sig við sorp með litlum tilkostnaði. Fæstir koma gangandi að gámunum, almennt er reglan sú að menn koma á bíl enda hefur bílaumferð stórauð frá því sem áður var, og þá ekki síst á kvöldin og snemma morguns með tilheyrandi óþægindum. Að tala um *grendartöð* í skilning þess orðs er vart réttnefni.
2. Íbúar hafa auðvitað haft af þessu verulegar áhyggjur og mikinn ama. Fyrir 1 ½ ári eða fékkst loks fundur með yfirvöldum borgarinnar í þessum málaflokki. Í framhaldi gerði borgin skurk í málinu og færði það til betri vegar. Ekki er efast um góðan hug þeirra sem koma að hreinsun við stöðina í viðleitni til að halda henni snyrtilegri en það er samt algjörlega ómögulegt þannig að hægt sé við að una.
3. Nú er lagt til að afmarka lóð í kringum stöðina á bílastæðinu og þannig festa hana í sessi. Djúpgámarnir eru öllu ásjálegri en þeir sem nú eru enda forljótir svo vægt sé til orða tekið og af þeim mikil sjónmengun. Afmarkaða lóðin á bílastæðinu er nær íbúðarhúsum við Flókagötu en núverandi stöð en hins vegar er ekki að sjá, eða ástæða til að ætla, að umhirðan og umgengnin batni við þessa breytingu. Íbúar sitja því í sömu sporum. Í þessu sambandi má kannski spyrja: Með hvaða leyfi er núverandi stöð rekin?
4. Við Klambratún er eitt helsta listasafn þjóðarinnar og á að vera bæjarprýði. Það er á ábyrgð Reykjavíkurborgar að ástandið sé eins og það er; óviðunandi fyrir íbúa, gesti listasafnsins og fólk í útivist og leik á túninu. Gámarnir eru, og verða samkvæmt tillögunni, á opnu bílastæð. Reynslan sýnir að það gengur ekki upp.
5. Á fyrrnefndum fundi með yfirvöldum málaflokksins var þess krafist að stöðin yrði aflögð á bílapaninu. Finna mætti henni hentugri stað. Til dæmis var nefnt svæði sem Verkbækistöð borgarinnar hefur ofar í götunni. Svæðið hefur t.d. þann kost að hægt væri að koma þar upp aðstöðu, umgjörð og utanumhaldi sem ekki er hægt á opnu bílastæði.

Reykjavík, 14. júlí 2021

F.h. Flókagata 21, húsfélag

Gísli Gíslason

USK Skipulag

Frá: Gísli Gíslason [REDACTED]
Sent: 15. júlí 2021 16:47
Til: USK Skipulag
Efni: Atugasemd við tillögu.
Viðhengi: Umhverfi_Skipulag.pdf

Meðfylgjandi eru athugasemdir íbúa að Flókagötu 21 við tillögu um að gera lóð í kringum grenndarstöð inn á bílastæði við Kjarvalsstaði.

Bestu kveðjur,
Gísli

USK Skipulag

Frá: [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 8. júlí 2021 15:59
Til: Ólafur Melsted; USK Skipulag
Afrit: Ævar Harðarson; [REDACTED]
Efni: Vegna lóðar í kringum grenndarstöð við Klambratún

Góðan dag,

Við undirrituð, íbúar við Flókagötu 23, óskum eftir að fá nánari upplýsingar um fyrirhugaða tillögu um gerð lóðar í kringum grenndarstöð/djúpgáma á bílastæði Kjarvalsstaða, sbr. bréf skipulagsfulltrúa til húsfélagsins dags. 11. júní 2021.

Tillögunni fylgja aðeins tveir uppdrættir á vef borgarinnar, annars vegar snið er varðar dýpt gámanna og hins vegar teikning af því hvert á að færa þá innan bílastæðisins. Til þess að geta tekið afstöðu til málsins óskum við eftir að fá rökstuðning fyrir þessari útfærslu/staðsetningu og nánari heildarteikningu af neðsta hluta þessa svæðis, til þess að sjá samhengið.

Við höfum heyrt að unnið sé að hverfisskipulagi fyrir Hlíðarnar þar sem væntanlega verður horft yfir mál af þessu tagi og það vendilega kynnt fyrir íbúum með góðum fyrirvara.

Við óskum eftir staðfestingu á móttöku þessa póstis og að umsagnarfrestur verði framlengdur (er núna til 15. júlí nk.) þar til málið hefur verið kynnt með ítarlegri gögnum og rökstuðningi.

Ath. að vænta má þess að einhver hluti þeirra er málið varðar við Flókagötu sé fjarverandi í sumarleyfi um þessar mundir.

Verði ekki orðið við því að framlengja frest og kynna málið betur óskum við eftir að fá tilkynningu þar um svo við getum sent inn formlega umsögn.

Virðingarfyllt,
Elísabet Jónasdóttir og Pétur Ástvaldsson Flókagötu 23, [REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Jón Hálfðanarson [REDACTED]
Sent: 29. júlí 2021 18:47
Til: USK Skipulag
Afrit: 'Jón Hálfðanarson'; 'Kristín Steinsdóttir'
Efni: Klambratún (Flókagata 24)

Reykjavík 29/7 2021

Til Ólafs Melsteds
f.h. skipulagsfulltrúa

Blessaður Ólafur!

Mér hefur borist bréf með nafni þínu undir. Það varðar djúpgáma sem borgin hyggst setja niður handan Flókagötu 19 þar sem ég bý. Bréfið er dagsett 14/7 2021. Það er sent til eigenda nærliggjandi húseigna og ef til vill fleiri til að tilkynna þeim að viðbótargögn hafi verið sett inn á vef borgarinnar og grenndarkynning á framkvæmdunum hafi verið framlengd.

Þetta er í annað sinn sem okkur hjónum berst bréf um kynninguna. Í fyrra sinn sendi ég nokkrar spurningar um framkvæmdirnar því kynningin á vefnum var í skötulíki. Ég hef ekki fengið svar við þessum spurningum og undrun mín jókst eftir því sem dagarnir liðu. Þá fór mig að gruna að bréf mitt hefði lent í svarholi í tölvukerfi borgarinnar og það um staðfestingu á því að það hefði náð til réttar aðila. Beiðninni um staðfestingu var lofsamlega svarað en svör við spurningum mínum hef ég ekki fengið enn þá.

Viðbótargögnin sem vísað er til í bréfinu dagsettu 14/7 2021 reyndust vera teikning til viðbótar við fyrri teikningu. Þegar ég skoðaði viðbótarteikninguna dattu mér allar dauðar lýs úr höfði. Gámaröðinni hefur verið snúið um 90 gráður frá fyrri teikningu. Hvergi er getið um það í texta hvor uppröðunin eigi að gilda. Verður það í sjálfsvaldi verktakanna hvor leiðin verði farin?

Eins og áður vantar stuttan hnitmiðaðan texta sem lýsir framkvæmdunum og hvaða efnum eigi að safna í gámana sex. Þar komi t.d. líka fram hvernig opin eigi að vera á þeim. Þá er svæðið teiknað flatt þótt það halli bæði frá Flókagötunni og upp eftir henni líka. Þá kemur ekki fram á nýju teikningunni frekar en þeirri fyrri hvar gámar skátanna og Rauða krossins eigi að vera en þeir eru hluti af núverandi grenndarstöð og ég geri ekki ráð fyrir að þeir eigi að hverfa.

Í stuttu máli þá finnst mér þessi kynning vera aldeilis ófullnægjandi og auk þess mótsagnakennd og því er ekki hægt að gera efnislegar athugasemdir við hana. Svo ég slái á léttari strengi þá virðast þeir sem koma að undirbúningnum vera heldur betur áttavilltir. Og reyna að koma þeim skilaboðum til borgarbúa með áttarósinni á fyrri teikningunni en hún er hrapalega vitlaus!

Að lokum get ég aðeins hvatt þig og þá sem vinna með þér að rýna skjöl og teikningar áður en þau eru send út. Það sparar ykkur ómælda vinnu.

Kær kveðja!
Jón Hálfðanarson

p.s. Ég bið um að þú sendir mér um hæl staðfestingu á að þú hafir fengið þetta tölvubréf.

From: Jón Hálfðanarson [REDACTED]
Sent: 8. júlí 2021 16:57

To: 'USK Skipulag'
Subject: RE: Klambratún (Flókagata 24)

Pakka!
kk Jón H

From: USK Skipulag [mailto:skipulag@reykjavik.is]
Sent: 8. júlí 2021 09:23
To: Jón Hálfðanarson
Cc: [REDACTED]
Subject: SV: Klambratún (Flókagata 24)

Sæll Jón,

Póstur var áframsendur til verkefnisstjóra málsins til skoðunar og frekari svara.

Helena Stefánsdóttir

Skrifstofufulltrúi
Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111
helena.stefansdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Frá: Jón Hálfðanarson [REDACTED]
Sent: miðvikudagur, 7. júlí 2021 16:42
Til: 'Jón Hálfðanarson' [REDACTED] USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Afrit: [REDACTED]
Efni: RE: Klambratún (Flókagata 24)

Til þess sem málið varðar!

Mér þætti vænt um að fá svar um hæl hvort eftirfarandi bréf hafi skilað sér í réttar hendur en ekki lent í ruslpósti.

Kær kveðja!
Jón Hálfðanarson

From: Jón Hálfðanarson [REDACTED]
Sent: 1. júlí 2021 21:54
To: 'skipulag@reykjavik.is'
Cc: [REDACTED]
Subject: Klambratún (Flókagata 24)

b/t Ólafur Melsted

Varðar Klambratún (Flókagata 24)

Konu minni Kristínu Steinsdóttur barst bréf dagsett 11.6.2021 frá Ólafi Melsted fyrir hönd skipulagsfulltrúa. Í bréfinu kemur fram að fyrirhugað er að gera breytingu á grendarstöð Sorpu sem stendur andspænis Flókagötu 19 hinum megin við götuna. Við hjónin eigum um helming í húsinu á Flókagötu 19 og búum þar.

Nú er það svo að umgangur um grenndarstöðina er ekki eins og best verður á kosið og liggur iðulega margskonar rusl í kringum hana. Þegar hvessir sem helst er þegar vindur stendur að suðaustan, fýkur þetta rusl yfir götuna og hafnar í garðinum hjá okkur. Sumt af því kemst ekki lengra en út á götu og getur þar verið varasamt fyrir bílaumferð. Það hefur verið tólmstundariðja mín undanfarin ár að tína upp þetta rusl.

Orsök þess að plast er á foki er að hluta til vegna þess að kringlótt gat á plastgámunum er of lítið, aðeins 21 cm að þvermáli. Fólk safnar plastúrgangi í plastpoka en kemur þeim síðan ekki ofan í gámana og þarf að taka hvert snifsi upp úr þeim og færa í gatið. Þá missir fólk plastið eða vindur hrífur það úr höndum þess. Eins er sumt plast það stórt að það kemst alls ekki ofan í gámana. Þar má t.d. nefna plastbrúsa og skurðbretti. Þennan úrgang skilur fólk einfaldlega eftir fyrir utan gámana.

Hvað pappírinn varðar þá er að nokkru leyti það sama uppi á teningnum. Gatið þar er með loku og stærra en á plastgámunum og nógu breitt þvert yfir til að taka blaðabunka. Helst má finna að því að gormurinn sem heldur lokunni aftur er full sterkur og ég hef séð að hún hefur skollið á fingur fólks. Gatið er ekki heldur nógu stórt til að taka kassa undan heimsendum pizzum eða stærri pappakössum þótt brotnir séu saman. Þessi úrgangur liggur þess vegna oft í kringum gámana og tekst á loft í roki og getur endað úti á umferðargötunni.

Í umræddu bréfi kemur fram að frekari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir séu að finna á síðu Reykjavíkurborgar undir skipulagi í kynningu. Þar finn ég hinsvegar aðeins eina yfirlitsteikningu en ekki frekari upplýsingar um framkvæmdirnar. Á teikningunni eru t.d. sýndir stútar upp úr jörðinni á sex djúpgámum en ekki hvað á að setja ofan á þá. Þjóðverjar segja: „Der Teufel steckt im Detail“, vandinn felst í smáatriðunum. Þess vegna bið ég um upplýsingar um eftirfarandi:

- 1) Hvað á að koma ofan á stútana? Hvernig verða opin á því sem þar verður sett? Hvaða efni á að flokka í gámana?
- 2) Á gámastöðinni eru núna tveir gámar sem ekki eru fyrir sorp: Gámur frá skátum fyrir flöskur og dósir og gámur Rauða krossins fyrir notuð föt. Á teikningunni viðist ekki vera gert ráð fyrir þeim. Á hellulögninni sem þar er sýnd er ekki heldur pláss fyrir þá. Hvar eiga þessir gámar að vera?
- 3) Af hverju er gámastöðin færð til og höfð nær götunni og okkur en hún er núna?
- 4) Kæmi til greina að hafa grindverk fyrir aftan gámastöðina sem tæki fok og lægði vind við stöðina sjálfa?
- 5) Á sniði 1 á teikningunni sést að gámarnir og næsta umhverfi á að vera lárétt. Öllu svæðinu hallar hinsvegar upp til austurs eins og Flókagata og niður til suðurs inn á bílastæðið. Hvernig verður þessi hæðarmunur tekinn? Verður nýlagður gangstéttarbútur og gangstéttarkantur brotinn upp?

Mér þætti vænt um að fá svar við þessu bréfi áður en andmælaréttur rennur út 15. júlí 2021. Að lokum er rétt að taka fram að við fögnum því að gámarnir verði færðir ofan í djúpið því þá verður umhverfið snyrtilegra. Okkur finnst hinsvegar mikilvægt að allur frágangur og útfærsla verði eins og best verður á kosið þegar frá upphafi. Það sparar fé og fyrirhöfn. Við munum öll njóta vandaðrar vinnu á hönnunarstigi.

Með kærri kveðju fyrir mína hönd og konu minnar!

Jón Hálfðanarson
Flókagötu 19
105 Reykjavík

Frá: [REDACTED]

Sent: fimmtudagur, 12. ágúst 2021 10:07

Til: Ólafur Melsted <Olafur.Melsted@reykjavik.is>; [REDACTED]

Efni: Re: Vegna lóðar í kringum grenndarstöð við Klambratún

Sæll Ólafur,

Við undirrituð óskum hér með eftir að draga til baka ábendingar/umsögn okkar í grenndarkynningu vegna lóðar kringum djúpgáma við Flókagötu.

Með fyrirfram þökk og ósk um að fá staðfestingu á því að þetta erindi sé tekið til greina.

Með góðri kveðju,

Pétur Ástvaldsson og Elísabet Jónasdóttir Flókagötu 23 Reykjavík

Umsögn vegna grenndarkynningar á gerð lóðar fyrir grenndarstöð/djúpgáma á Klambratúni

28. janúar 2022

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lögð fram umókn skrifstofu framkvæmda og viðhald dags. 29. september 2020 um að gerð verði lóð í kringum grenndarstöð/djúpgáma sem staðsett verður inn á bílastæði Kjarvalsstaða á Klambratúni. Samþykkt var að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilaum að Flókagötu 17,19,21,23,25,27,29,31,33 og 35.

Grenndarkynning var frá 16. júní 2021 til 15. júlí 2021, síðar framlengd til 4. ágúst 2021.

Athugasemdir bárust.

Í ljósi athugasemda var ákveðið í samráði við skrifstofu framkvæmda og viðhalds að falla frá gerð lóðar fyrir grenndarstöð/djúpgáma í bili og vísa málinu til frekari úrvinnslu við gerð hverfisskipulags Hlíða.

Ólafur Melsted

verkefnastjóri